

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 28/2018

2019/EES/98/28

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1941 frá 24. október 2017 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 66/2010 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 R 1941**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1941 frá 24. október 2017 (Stjtd. ESB L 275, 25.10.2017, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1941, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtd. ESB L 275, 25.10.2017, bls. 9.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.